

Das Europäische Übersetzer-Kollegium in Straelen

Evrópska þýðendamiðstöðin í Straelen

Í Straelen er ekki hægt að læra þýðingar og ekki heldur að láta þýða fyrir sig; þar er „bara“ hægt að þýða – en það reyndar við bestu hugsanleg skilyrði. Þýðendur alls staðar að úr heiminum koma til Straelen með samning við eitthvert útgáfufyrirtæki til þess að nota þar hin margvíslegu hjálpargögn, hitta starfssystkini, vinna saman og skiptast á hugmyndum og reynslu.

Allt hófst þetta með draumsýn: um að skapa fundarstað fyrir þýðendur fagurbókmennta, stað þar sem fram færu bæði alþjóðleg samskipti og einstaklingsvinna, hús sem rúmaði ritmenningu margra málsvæða, staðsett í landamærahéraði.

Næstum þrjátíu árum eftir fyrstu undirbúningsvangaveltunum er draumsýnin nú orðin að áþreifanlegum raunveruleika: „Evrópska þýðendamiðstöðin í Straelen í Nordrhein-Westfalen“, sem stofnuð var 1978 þar í borg undir sérlegri vernd Samuels Beckett, Heinrichs Böll og Max Frisch, er fyrsta og stærsta miðstöð heims í þýðingum á sviði fagurbókmennta og hugvísinda.

Frá árinu 1978 hefur miðstöðin stækkað verulega. Nú standa til boða til 30 herbergja á rúmlega 2500 fermetrum til íbúðar og vinnu, auk bókasafns, fundaherbergja og tveggja fullbúinna eldhúsa.

Kjarni miðstöðvarinnar er bókasafnið með 110.000 bindi til afnota fyrir gesti – m.a. 20.000 uppflettirit á yfir 275 tungumálum og mállýskum (frá afrikaans til zulu), safn heimsbókmennta, oftast bæði á frummálinu og í þýðingu, samtals um 60.000 bindi, og 25.000 fræðirit. Bókasafn miðstöðvarinnar er þar með stærsta sérhæfða bókasafn heims fyrir þýðendur fagurbókmennta og fræðirita.

Miðstöðin býður ennfremur upp á 40 nýjar tölvur og margvísleg lyklaborð. Í öllum tölvum á bókasafninu er hraðtenging við veraldarvefinn – allan sólarhringinn árið um kring.

Árlega koma yfir 750 þýðendur alls staðar að úr heiminum til Straelen og yfir 16.000 þýðingar hafa í áranna rás orðið til í miðstöðinni.

Straelen er notalegur smábær skammt frá landamærum Hollands. Blóma- og grænmetisrækt setur svip á umhverfið. Straelen hefur verið nefnd „blómaborgin“ og ber það nafn með rentu. Enginn annar bær í Þýskalandi selur meira magn af grænmeti og blómum.

Fyrirspurnir á ensku eða þýsku sendist til

Europäisches Übersetzer-Kollegium
Kuhstraße 15-19, 47638 Straelen
Deutschland
Telefon 0049-2834-1068, Fax 0049-2834-7544

E-Mail: euk.straelen@t-online.de

Ins Isländische übersetzt von Elísa Björg Þorsteinsdóttir